

Sérhæfð líknarþjónusta á Landspítala

Líknarmeðferð er veitt í þeim tilgangi að bæta líðan og lífsgæði sjúklinga sem eru með langvinna og lífsógnandi sjúkdóma. Meðferðin felst í að fyrirbyggja og draga úr líkamlegri, sálfélagslegri og andlegri þjáningu og nær bæði til sjúklings og aðstandenda hans.

Starfseiningar sérhæfðrar líknarþjónustu í Kópavogi eru: líknardeild, göngudeild og HERA. Líknarráðgjafateymi hefur aðsetur á Hringbraut.

Líknarráðgjafateymi

Hlutverk teymisins er að vera heilbrigðisstarfsfólki til ráðgjafar til dæmis við mat og meðferð einkenna (t.d. verkja, ógleði) og vegna útskrifta þegar þörf er á sérhæfðri líknarheimaþjónustu HERU eða innlögn á líknardeild. Teymið veitir einnig sjúklingum og aðstandendum ráðgjöf og stuðning.

Líknardeild í Kópavogi

Líknardeildin er fyrir tímabundna innlögn sjúklinga með ólæknandi, langt genginn sjúkdóm og skertar lífslíkur. Áhersla er lögð á góð samskipti og samvinnu við sjúkling og fjölskyldu hans. Helstu ástæður innlagna á deildina eru vegna erfiðra einkenna sem fylgja veikindunum og meðferð við lok lífs. Ef ástand sjúklings verður betra og einkennin verða stöðug og viðráðanleg, er metið hvort sjúklingur geti útskrifast heim eða t.d. á hjúkrunarheimili.

Deildin er staðsett í Kópavogskerði 6 b-d, í Kópavogi.

HERA líknarheimaþjónusta

HERA er sólarhrings hjúkrunar- og lækniþjónusta fyrir sjúklinga sem eru heima og eru með erfið einkenni vegna langvinnra og ólæknandi sjúkdóma. Markmiðið er að gera sjúklingum kleift að dvelja heima eins lengi og þeir óska og aðstæður leyfa. Starfsfólk HERU miðlar þekkingu og úrræðum, veitir stuðning og viðeigandi meðferð til að svo megi vera. Þjónustan byggir einna helst á skipulögðum vitjunum hjúkrunarfræðinga heim en fjöldi vitjana er ákveðin í samráði við sjúkling og aðstandendur og fer eftir þörfum hverju sinni. Einnig er þjónusta veitt með símtölum, tölvusamskiptum og á skrifstofu HERU.

Skrifstofa HERU er í Kópavogskerði 4 í Kópavogi